

kaupa *so vb-ór*
[keypti, keyptum, keypt]

– ég þarf að kaupa ávexti

‡ • kaup, kaupmaður, brúðkaup

skrif-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– hann skrifar langt bréf

‡ • skrifborð, skrifstofa, yfirskrift

svar-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– geturðu svarað spurningunni?

‡ • svar « spyrja

tal-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– hann talar góða íslensku

‡ • tal, tala (no), samtal, talsverður, ótal, telja »
segja, ræða (so), mæla « þegja

skugg-i *kk – tími*
[-a, -ar]

– skuggarnir lengjast á kvöldin

‡

krakk-i *kk – tími*
[-a, -ar]

– krakkarnir leika sér með boltann

‡ » barn

hlust-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– hún hlustar á útvarp

‡

gata *kv – stofa Ö*
[götu, götur; [ef.ft] gatna]

– þessi gata heitir Lækjargata

‡ » vegur, braut

mið-i *kk – tími*
[-a, -ar]

– skrifaðu innkaupin á miða

íbúi *kk – tími*
[-a, -ar]

– hvað eru margir íbúar í
Reykjavík?

‡ • búa, í; búð, íbúð

regl-a *kv – stofa*
[-u, -ur]

– þessi regla gildir oftast

‡ • lögregla, reglulega

borg-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– ég borga bara með peningum

panna *kv – stofa Ö*
[pönnu, pönnur]

– fiskurinn er steiktur á pönnu

‡

kennsla *kv – stofa*
[-u, -ur]

– hvenær hefst kennslan á
morgnana?

‡ kennsla • kenna, kennari

brotn-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– glasið brotnar ef þú missir það í
gólfið

‡ • brjóta, brot

hávað-i *kk – tími*
[-a, -ar]

– það er mikill hávaði í vélinni

‡ • hár (lo), upphátt